

Námskeið um mentorþjálfun og verkefnisfundur 3 í Nantes í Frakklandi 29. - 31. ágúst 2012.

Ferðasaga. Kristín Petra, Ketill og Jóhannes.

Sólveig Zophoníasdóttir frá Miðstöð skólaþróunar við HA var líka með í för. Sólveig mun sjá um ytra mat verkefnisins, utanaðkomandi aðili metur verkefnið.

Þátttakendur voru:

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri: **Sólveig** (sér um að meta verkefnið)
VMA á Akureyri: **Kristín Petra, Ketill og Jóhannes**.

Gower College, Wales: **Michelle (helsti leiðbeinandinn) og Rachel**.

Riverside Training, Hereford Englandi: **Philip**.

Axxell, Finnlandi: **Beatrice, Charlotte og Tanja**.

Jules Rieffel / France Europea í Nantes Frakklandi: **Mireille, Nicholas og Jeanne-Marie**.

IFSAT Hollandi: **Bas, Charlie og Maarten**

Skjetlein skóli rétt utan við Þrándheim Noregi: **Bente og Ingvild**.

Mánudagur 27. ágúst 2012.

Við kenndum okkar stundaskrá mánudaginn 27. ágúst en í frímínútum 11.20 – 11.25 hertókum við tölvu á kennarastofu málmsmiðadeildar og innrituðum okkur í flug. Að sjálfsögðu sá Ketill um að það gengi allt rétt fyrir sig.

Um kl. 19.30 um kvöldið vorum við svo komin á flugvöllinn á Akureyri og flugið fór til Reykjavíkur kl. 19.55. Farkosturinn var Dash 8 flugvél og við sátum á aftasta bekk, þar voru fimm sæti eins og í rútu.

Í Reykjavík sá Atli Páll Gylfason (Rósu Björns) um að koma Jóhannesi og Katli frá flugvellinum. Kristín fór með Írisi systur sinni.

Þriðjudagur 28. ágúst 2012.

Vaknað 4.20 og mætt á BSÍ. Þar komu Ketill, Jóhannes og Sólveig úr HA. Kristín Petra kom um borð í rútna í Garðabæ. Fórum með rútu kl. 5.00.

Innritun í Kiosk vélum í Leifsstöð, vélarnar prenta út brottfararspjöld og renninga til að setja á töskur. Skilja ferðatöskurnar eftir, öryggisleit, smá innkaup í flugstöðinni og Ícelandair til Parísar fór af stað um kl. 7.55 í stað 7.40. Flugið gekk prýðilega, vélin líklega nánast alveg full og við lentum á áætluðum tíma kl. 13.00 að staðartíma á Charles de Gaulle flugvelli við París. Ícelandair leggur að Terminal 1. Við vorum eldsnökk í gegnum nútímalega flugstöð en þurftum að bíða talsvert eftir töskunum.

Það gengur lítil lest CDGVAL milli staða á flugvellinum og við tókum hana að Terminal 2 þar sem lestarstöðin er. Þar



Ferðasaga. Kristín Petra, Ketill og Jóhannes

fengum við smá aðstoð við að ná miðum í lestina (vorum með pantaða miða en þurftum að prenta út miðana sjálfa) og biðum til kl 14.48 en þá fór lestin af stað. Við sátum á fyrsta farrými, höfðum ekki fengið miða á almennu farrými en mikinn afslátt af 1. farrými, þetta var TGV lest, og hún fór talsvert hratt og var mjög mjúk og góð. Svo skiptum við um stöð í Le Mans og fórum í RER lest á almennu farrými, hún fór líka talsvert hratt en við fundum mun á þessum tveimur lestum. Þessi lestarferð í tveimur hlutum kostaði um 69 evrur á mann (París - Nantes).

Við komum til Nantes kl. 18.30 að staðartíma.

Nicolas tók á móti okkur á lestarstöðinni í Nantes og ók okkur að Jules Rieffel skólanum. Það er nokkurskonar framhaldsskóli með áherslu á landbúnað, garðyrkju og matvælavinnslu. Þar gistum við í heimavist skólans, í frekar frumstæðum herbergjum með rúmi, borði og vaski en salerni og sturtur eru sameiginlegar. Þessi aðstaða var nánast á mörkunum til að gista þarna þetta margar nætur. Það olli líka vonbrigðum að við áttum í basli með að komast í internettengingar. France Europea er einskonar regnhlíf fyrir landbúnaðarskóla og Jules Rieffel er skólinn í Nantes.

Við fengum kalt borð í kvöldverð, smakkaðist ljómandi vel enda flestir orðnir vel svangir eftir löng ferðalög. Kvöldverðurinn var í matsal skólans þar sem við borðuðum líka morgunverð og hádegisverð og fundirnir voru haldnir í næsta húsi við hliðina.

Eftir kvöldverðinn fóru allir á heimavistina en þau Mireille og Nicolas voru að bíða eftir þeim sem höfðu misst af flugi eða lest og komu þess vegna seinna en ætlað var. Bente frá Noregi hafði misst af flugi milli Þrándheims og Amsterdam og hún kom um kl. 10. 30 að staðartíma en Tanja, Beatrice og Charlotte frá Finnlandi komu um miðnætti með lest frá París vegna þess að þegar þær voru á leið í leigubíl frá flugvelli að lestarstöð urðu miklar umferðartafir vegna slyss..

Miðvikudagur 29. ágúst 2012.

Vaknað uppúr 7 og morgunverður í matsalnum kl. 8.00.

Fundurinn byrjaði kl. 9.00. Við vorum í fundaherbergi á annarri hæð, undir súð með þakgluggum og dyrum út í brunastiga. Þetta átti eftir að koma sér vel því það varð vel heitt í herberginu. Reyndar var rúmt um þennan 18 manna hóp og góð aðstaða. Tölvur í fundarsalnum var nettengd og allt gekk mjög vel þar.

Mireille byrjaði að bjóða okkur velkomin. Jóhannes sýndi smá texta um það af hverju VMA var svo áfram um að vera með í Workmentor verkefninu.



Síðan kynnti Sólveig Zophoníasdóttir sig og hvað hún var að gera. Með reynslu úr kennslu í grunnskóla og af vinnu við mat á ýmsum hlutum sem snerta skóla er hún komin til að meta verkefnið utanfrá. Við leituðum eftir því við Miðstöð skólaþróunar í HA að sjá um þetta ytra mat til að fá fræðilegt umhverfi og líka til að ýta því að HA að þar þyrfti að skoða nám í framhaldsskóla og ekki síst verklegt nám og nám á vinnustöðum.

Bas Timmers frá Hollandi fór yfir tengsl þessa verkefnis við önnur sem sami hópur hefur að hluta til unnið að og hvernig hugmyndir um vinnustaðanám og það sem þarf til þess að það gangi vel hafa þróast. ProVoTrain, POETE og svo WorkMentor er röð af verkefnum sem hafa fengið styrk frá Leonardo áætluninni og sumir þátttakendur í þessu verkefni hafa tekið þátt í.

Michelle Brinkworth tók svo við og kenndi okkur um Mentor aðferðir. Einn dagur var engan veginn nógur tími fyrir slíkt þannig að hún valdi ákveðin verkefni og æfingar úr námsefninu sem við settum saman á Stiklastöðum á síðasta fundi.

Michelle talaði mjög skýrt og alls ekki hratt þannig að við fylgdumst vel með. Hún hélt nánast enga fyrirlestra heldur sýndi mörg dæmi um æfingar sem hægt er að nýta á námskeiði sem slíku um samskipti og við að styðja aðra. Við gátum samt stundum ekki varist því að brosa að framburðinum hjá henni. Það var dæmigerður Welskur framburður og ekki laust við að atriði úr Little Britain þáttunum rifjuðust upp.

Michelle sá um megnið af deginum og í lokin fórum við í gönguferð um matjurtagarð Jules Rieffel skólans (lífræn ræktun) og að lokum fór Tanja frá Finnlandi yfir tillögur að spurningalistum sem við munum nota eftir mentorafræðsluna sem við munum vera með og einnig yfir spurningalista sem ætlunin er að við svörum eftir þennan fund Post Event Evaluation). Fundinum lauk kl. 17.00



Veðrið var gott. Það komu einhverjar skúrir en oftast var sólskin og það varð heldur heitt í fundar-salnum en við opnuðum út eins og hægt var.

Eftir fundinn fór fólk í ýmsar áttir. Allnokkrir fóru í matvörubúð og hugsanlega var verið að skoða vörur sem ekki fást í matvörubúðum á Íslandi. Aðrir keyptu sjampó og fleira slíkt.

Kl. 19.30 vorum við komin aftur í matsalinn og þar hafði Nicolas undirbúið osta- og vínsmökkun. Í sem stystu máli tókst það mjög vel. Við notuðum ca þrjá klukkutíma í að smakka á missterkum ostum og



Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefni.
Fundur 3 og námskeið í Nantes í Frakklandi.

tilheyrandi frönskum vínnum. Þetta mæltist mjög vel fyrir.
Yfir ostum og vínnum ræddi fólk um osta og vín en líka um sig sjálf og um verkefnið og hugsanleg framtíðar verkefni í samstarfi.
Þegar við gengum að heimavistinni um kvöldið hefur hitinn verið um 20°C.

Fimmtudagur 30. ágúst 2012.

Sama morgundagskrá og áður vaknað og farið í morgunmat uppúr kl. 8. Einhverjir voru smá meðteknir eftir osta og vínsmökkunina kvöldið áður en samt var unnið vel þennan daginn. Philip Broomhead, Bas Timmers og Charlie Wannop sáu um daginn og stýrðu vinnunni sem snerist að mestu um að komast að því hvernig á að útfæra mentoraðferðir með fólki á vinnustöðum og hvernig á að fá vinnuveitendur til að taka þátt í að prófa þetta. Við unnum að þessu fram að hádegismat og svo líka eftir hádegðið en þá fór umtalsverður tími í að þátttakendur frá hverju landi fóru að leggja niður fyrir sér hagnýt atriði varðandi þrífukennsluna og hvernig þyrfti að standa að því. Bas Timmers frá Hollandi yfirgaf hópinn um hádegðið. Hann ætlaði að aka til Normandí í sumarhúsið sitt og halda þaðan til Hollands vegna einhverra fjölskyldumála.



Kl 17 fórum við af stað á tveimur bílum sem Jules Rieffel skólinn er með inn í miðborg Nantes. Það var talsverð umferð. Einstaka dropar sáust en við fengum enga rigningu og hitinn var um 20°C. Við byrjuðum á að fara í bátsferð á rafknúnum bátum, fóru ekki mjög hratt. Við sigldum eftir ánni Erdre sem mætir Loire í Nantes. Þessi á var mjög lygn og við urðum varla vör við að í henni væri straumur. Bakkar árinna eru mjög snyrtilegir og ýmist eru þeir þaktir trjám eða það eru tilbúnir kantar og bátar liggja við bakkann. Fólk býr í þessum bátum. Við sigldum dálitla leið eftir ánni og vorum alls í um tvo klukkutíma í siglingunni.



Þá var farið á veitingastaðinn La Belle Equipe. Máltíðin varði í um þrjá klukkutíma með forrétti, aðalrétti og dessert. Við þessi tækifæri er mikið spjallað og fólk kynnist vel.

Það má segja að hópurinn hafi eiginlega fallið fyrir Nantes og maður gat hreinlega haldið að við værum í Frakklandi eða eitthvað. Við vorum satt að segja í Frakklandi og það var eiginlega ekki hægt annað en að finnast maður vera á mjög álitlegum stað.



Við komum á heimavistina um kl. 23.30. Flestir vel þreyttir og til í henda sér flötum í rúmið.
Tanja, Beatrice og Charlotte frá Finnlandi fóru á

föstudagsmorgni og það gerði líka Sólveig. Hún átti lestarferð eldsnemma að Charles de Gaulle flugvelli og svo flug til Íslands.

Föstudagur 31. ágúst 2012.

Fundurinn byrjaði kl. 9.00 og við fórum í gegnum það sem þátttakendur voru búnir að setja saman. Það kom í ljós að fólk hafði áttað sig á ýmsum möguleikum til að ná sambandi við vinnustaði, fundir sem voru hvort sem er á dagskrá í Noregi og Frakklandi. Aðrir hafa heilmikið net vinnustaða sem þeir senda nemendum á, England, Wales og Finnland. Í Hollandi hafði Maarten hugmyndir um vettvang sem hann gæti nýtt sér til að koma mentorafræðslunni að og við í VMA munum reyna að nýta okkur samstarf við Akureyrarbæ og vinna með starfsmannaskrifstofunni að því að skoða mögulega vinnustaði og starfsfóstra.

Niðurstaðan er líklega sú að það lítur vel út með að prufukeyra námskeiðið en tíminn er dálítið mismunandi eftir aðstæðum í hverju landi og ekki víst að svör um það hvað nemendum finnst berist öll í tæka tíð fyrir fund í Finnlandi í apríl.

Við vorum 15 – 20 mínútur hver hópur. Finnarnir höfðu lokið sinni kynningu daginn áður en við hin bárum tillögurnar undir hvert annað.

Við ákváðum að taka frekar lítinn tíma í stjórnun og formlegheit, meðal annars vegna þess að Tanja og Bas höfðu þurft að fara fyrr. Jóhannes hafði fengið fréttir af því að Andrés

Pétursson frá Leonardo skrifstofunni kemur í heimsókn í VMA 7. september til að taka verkefnið út, ekki heppilegasti tíminn en þá fæst líka ágæt mynd af því hvað vantar, hverju þarf að ganga betur frá og hvað er gott. Við vitum að við þurfum að ganga betur frá nokkrum formsatriðum. Andrés mun líka ræða við stjórnendur VMA og gesti sem eru að koma vegna samstarfs um nám sem tengist olíuleit.



Við ræddum samt um frágang á kostnaði við dvölina í Nantes, þar mun Mireille taka saman alla reikninga og skipta eftir dögum á þátttakendur sem voru viðlátir hvern dag og þá fæst kostnaður fyrir hverja stofnun. Svo millifæra stofnanirnar peninga á reikning Jules Rieffel.

Hópurinn ákvað að VMA myndi senda út beiðnir um að senda gögn og vinnuyfirlit til að hægt verði að ganga frá áfangaskýrslu um verkefnið í október.

Við slitum fundi 11.40 og þá var laus stund fram að hádegismat kl. 12.30.

Eftir hádegisfundinum fórum við í heimsókn til vínræktanda og sáuum mjög stoltan mann sem útskýrði fyrir okkur ýmislegt um vínræktun og vínviðinn. Svo smökkuðum við hvítvín hjá



honum og að lokum keyptum við flest eina eða fleiri hvítvínsflöskur. Við ókum svo inn í miðborg Nantes og komum á slóðir JulesVerne. Þar sem áður voru skipasmíðastöðvar og slíkt eru nú skrítnar verur svo sem risastór fill. Við löbбуðum um og færðum okkur í miðborgina, sáum kastala og fleira. Að lokum enduðum við á veitingahúsi. Þar bættust við eiginmaður Mireille, Didier, og eiginkona Nicolas, Elenore. Við borðuðum ágætan mat og spjölluðum mikið. Mireille og Nicolas skiluðu okkur á heimavistina um kl. 11 og við kvöddum marga úr hópnum vegna þess að við vorum að fara á mismunandi tímum daginn eftir.

Laugardagur 1. september 2012.

Vöknuðum um kl. 7, morgunverður hafði verið settur í ísskápinn á vistinni. Um kl. 7.50 skilaði Mireille okkur í sporvagn sem við tókum að lestarstöðinni í Nantes. Það er mjög fín lestarstöð og kaffið var ágætt. Lestin til Parísar fór svo af stað á mínútunni 9.00.

Við komum til Parísar 11.15 og fundum leið út úr lestarstöðinni þannig að gangan á hótelið, með töskur í eftirdragi var ekki nema 700 – 800 metrar. Þar fengum við að geyma töskur of fórum svo í skemmtilega hringferð um París. Við gengum um Montparnasse hverfið, Luxembourg garðinn og latínuhverfið að Notre Dame. Svo meðfram Signu og yfir að Concorde torgi og svo eftir Avenue des Champs Elysees.

Þar fékk Krisín þessa snilldarhugmynd að leigja hjól sem standa í statífum og maður notar greiðslukort til að losa þau og fær kvittun þegar þeim er skilað. Við hjóluðum eftir Champs Elysees að Sigurboganum og svo í gegnum 16. hverfi að Signu og Eiffel turninum. Síðan aftur í Montparnasse hverfið að hótelinu og vorum komin þar um kl. 21.30. Þetta var mjög ánægjulegur dagur, sólin skein skært á tvo skalla og hitinn var þægilegur, hlýtt en ekki of heitt.

Hotel de l. Orchidee er orðið nokkuð gamalt en snyrtilegt.

Sunnudagur 2. september. 2012

Vöknuðum uppúr kl. 4 og leigubíllinn var kominn kl. 5 á hótelið. Ferðin að CDG tók um hálf tíma, héldum að það yrði lengra.

Terminal 1 á Charles de Gaulle flugvelli er glæsileg bygging, stór hringur og svo eru undirgöng til að komast að landgöngum.

Flogið frá París kl. 8.00 og lent í Keflavík kl. 9.15, rúta frá Keflavík á innanlandsflugið og komin til Akureyrar um kl. 13.15. Þar átti Ketill svo eftir að komast til Dalvíkur.

Vonandi nenna einhverjir að skoða þetta. Allar ábendingar vel þegnar. JÁR, KES, KPG

